# REYKJAVÍKURVEGUR 72, HAFNARFJÖRÐUR




GRUNNMYND 2.HÆÐ

SKÝRINGAR:

| | |
|---|---|
| — · — · — | Brunasamstæðuskil, EI-90. |
| EICS-60 1100 | Eldvarnarhurð EI-CS60, breydd skilgreind í mm. |
| EICS-30 900 | Eldvarnarhurð EI-CS30, breydd skilgreind í mm. |
| Ⓢ | Seguiloki |
| R | Reykskynjari |
| 30 m | Brunaslanga, lengd skilgreind í metrum. |
| ! | Staðsetning stjórnstöðvar brunaviðvörunakerfis, tengd viðukendri vaktaðari stjórnstöð. |
| ÚT ➔ | Flóttaleiðir, stefna flóttaleiða. |
| ▨ | Flóttaleið, svæði sem skilgreint er sem flóttaleið. |

**Lýsing brunavarna:**

Geta má þess að allt burðarvirki hússins þ.e. veggir, loft og gólf er gert úr steinsteypu.

**Brunasamstæður.**
Á lóðinni eru 4 matshlutar og er fyrirhugað að hótelið verður innréttað í mhl. 02, 03 og 04 og er gert ráð fyrir að opið sé milli þessara matshluta á 1. og 2. hæð og jafnframt gert ráð fyrir hurðum á gangi milli matshlutanna sem uppfylli
EI-CS60 á seguiloka sem tengdur verði brunaviðvörunarkerfi hússins.
Þannig að gistiheimilið er í 3 brunasamstæðum.

**Brunahólfum.**
Hverri brunasamstæðu er skipt upp í mörg brunahólf og er hvert íbúðarherbergi eitt brunahólf skilið af frá öðrum herbergjum eða gangi með EI-60 veggjum og EI-CS30 hurðum.
Sama á við um önnur rými hvað varðar brunahólfun.
Þá eru gangar aðskildir frá anddyri í mhl. 02 með EI-CS30 hurð á seguiloka sem tengd verður brunaviðvörunarkerfi hússins og frá rýmingarleiðum í mhl. 01 og 03 með EI-CS60 hurð.

**Rýmingarleiðir.**
Rýmingarleiðir af 1. hæð eru fjórar, ein um anddyri á 1. hæð í mhl. 02 er snýr að Reykjavíkurvegi, ein um bakdyr í matshluta 04 er snýr að baklóð, ein er fer úr anddyri í matshluta 03 sem snýr út að Stakkahrauni (sem þjónar einnig 2. hæð í matshluta 03) og ein út um enda gangs í matshluta 03 er snýr út að Stakkahrauni.
Rýmingarleiðir af 2. hæð eru tvær, ein um setustofu í matshluta 03 er snýr að Stakkahrauni og ein um anddyri í matshluta 01 er snýr að Reykjavíkurvegi.

**Brunaviðvörunarkerfi.**
Í hótelinu verður sett upp viðurkennt brunaviðvörunarkerfi, samkvæmt reglum Brunamálastofnunar, sem verður tengt viðurkenndir stjórnstöð.

**Út - og neyðarlýsing.**
Í hótelinu verður hönnuð og sett upp út- og neyðarlýsing viðurkennd af eldvarnareftirliti sjá staðsetningar á brunavarnaruppdrætti.

**Klæðningar.**
Allar klæðningar í lofti og veggjum verða í flokki 1.
Öll gólfefni verða í flokki G.

**Slöngukefli og slökkvitæki.**
Slöngukefli eru sýnd á grunnmyndum og slökkvitæki verða sett upp í samráði við eldvarnareftirlit.

**Aðkoma slökkviliðs.**
Hótelið er á 1. og 2. hæð að Reykjavíkurvegi og Stakkahrauni og 1. 2. og 3. hæða á baklóð og öll aðkoma góð þá er aðkoma og aðstaða slökkviliðs öll hin besta. Þá er staðsetning slökkviliðs þannig að viðbragðstími þess að húsinu er ekki nema 3-5 mínútur.

19/1 '06
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs

A. / 04.01.2006 / HÖG / STARFSMANNAR. BREYTT Í HERBERGI OG HORNHERB. Í SETUSTOFU
BREYTING NR. / DAGS. / TEIKN. / BREYTING FRÁ FYRRI TEIKNINGU

| REYKJAVÍKURVEGUR 72, HAFNARFJ. | TEIKN.NR. 504 |
|---|---|
| EFNI: BRUNAUPPDRÁTTUR | DAGS.: 04.07.2004 |
| GRUNNMYND 2. HÆÐAR | MKV.: 1:100 |
| | ÚTGÁFA: A |

HÖNNUÐIR: Erlendur Árni Hjálmarsson, Byggingafræðingur, Kt.: 10.03.'55-5239
Hjálmar Örn Guðmarsson, Byggingafræðingur, Kt.: 20.06.'72-3809